



## Fréttabréf AkureyrarAkademiunnar

apríl 2022

### Kæru viðtakendur!

Í þessu Fréttabréfi AkureyrarAkademiunnar er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í febrúar sl.

Góðar stundir!

### Samstarf AkAk og hjúkrunarheimilanna

Fyrsti fyrirlesturinn í fyrirlestraröð AkAk á þessu ári fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna í bænum fór fram 8. apríl sl. en þá sagði Hörður Geirsson safnvörður ljósmyndasafns Minjasafnsins á Akureyri frá nýrri ljósmyndasýningu safnsins "[Hér stóð búð](#)". Um 50 manns hlýddu á skemmtilegan og fróðlegan fyrirlestur um þróun matvörubúða og sjoppa í bænum og tíðarandann á tímabilinu frá 1930 til 2000. Næsti fyrirlestur verður haldinn í maí og því næst í september og október í haust. Norðurorka hf. styrkir fyrirlestrana.

### Styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna

AkAk og ReykjavíkurAkademián fengu nýlega [styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna](#) til að ráða tvo háskólanema í sumar, annan í upplýsingafræði og hinn í sagnfræði, til að vinna við rannsóknarverkefnið: *Gagnagrunnur um starf og afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólks*. Um er að ræða fullt starf í þrjú mánuði sem felst í að taka saman upplýsingar um fjölda, menntun og afurðir fræðafólks hjá Reykjavíkur- og AkureyrarAkademiunni á tímabilinu 1997 – 2021 og skrá í gagnagrunn. Einnig að skoða fjármögnun opinberra sjóða og breytingar á umhverfi sjálfstætt starfandi fræðafólks. Verkefninu lýkur með fyrirlestri á málþinginu *Sjálfstæðir rannsakendur – umhverfi og áskoranir* sem haldið verður 14. október 2022. Akademiurnar leita nú að [áhugasömum háskólanemum í upplýsingafræði og sagnfræði](#) til að vinna að þessu spennandi verkefni.

### Fyrirlestrar fyrir bæjarbúa

Þann 26. apríl sl. komu um 60 til 70 manns saman til að hlýða á afar fróðlegan fyrirlestur dr. Páls Jakobs Líndals umhverfissálfræðings um skipulagsmál sem hét: *Hvers konar þéttbýli viljum við?* Í fyrirlestrinum ræddi dr. Páll Jakob um upplifun fólks í þéttbýlisumhverfi, hvað þurfi að leggja áherslu á svo skapa megi mannvænt og heilsusamlegt þéttbýli og hvernig megi brúa bilið milli ólíkra hagsmunahópa þegar kemur að hönnun og uppbyggingu þess. Dr. Páll Jakob hefur áralanga reynslu af skipulagsmálum og verkefnum er snúa að verndun byggingararfsins, s.s. uppmælingum og gerð húsakannana, auk þess að vinna að sálfræðilegum rannsóknum. Hann hefur um árabil verið ötull talsmaður þess að sálfræðileg sjónarmið fái sitt rými í hönnunar- og skipulagsferlum og lögð sé ríkari áhersla á samspil fólks og umhverfis. Fyrirlesturinn var sá fyrsti í fyrirlestraröð á þessu ári á vegum AkAk sem bæjarbúum verður boðið upp á í tilefni af 160 ára afmæli Akureyrarbæjar á árinu. Markmiðið með fyrirlestrunum er að auka framboð á

fjölbreyttu og aðgengilegu efni um sögu og menningarlíf á Akureyri og að virkja almenning til þátttöku. Menningarsjóður Akureyrar styrkir fyrirlestrana.

### **Laus vinnuaðstaða**

Nú sem stendur er laus vinnuaðstaða hjá AkAk og er áhugasömum bent á að setja sig í samband við framkvæmdastjóra. Innifalið í sanngjörnu mánaðargjaldi er nettenging, aðgangur að prentara, skanna og hefðbundnum skrifstofuvörum, fundarsal, kaffi- og mataraðstöðu og frábær félagsskapur.

### **Ársfundur AkAk 2022**

Ársfundur AkureyrarAkademíunnar er ákveðinn 24. maí nk. og fer hann fram í húsnæði AkAk. Dagskrá er samkvæmt [12. gr. skipulagsskrár](#) AkAk.

### **Líf doktorsnema í AkureyrarAkademíunni. dr. Steinunn A. Ólafsdóttir sjúkraþjálfari og lektor við námsbraut í sjúkraþjálfun við HÍ skrifar.**

AkureyrarAkademían varð 15 ára á síðasta ári. Frá upphafi hefur markmið hennar m.a. verið að starfrækja fræða- og menningarsetur á Akureyri til að bjóða háskólanemum og þeim sem fást við fræða- og ritstörf upp á aðstöðu til að vinna að hugðarefnum sínum. Akademían er þverfaglegt samfélag fólks sem vinnur að eigin verkefnum en hittist á kaffistofunni til að spjalla og snæða saman hádegismat og gerir sér reglulega glaðan dag. Alveg eins og aðrir vinnustaðir. Það er mikill kostur.

Ég er svo heppin að vera ein af þeim tæplega 100 einstaklingum sem hafa í gegnum tíðina nýtt sér aðstöðu í Akademíunni, eins og hún er yfirleitt kölluð í daglegu tali. Það var skömmu eftir áramótin 2016-2017 sem ég ákvað að fara í rannsóknartengt doktorsnám í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands. Rannsóknin mín snerist um einstaklinga sem hafa fengið heilaslag og var tvíþætt. Annars vegar var send út könnun á landsvísu til einstaklinga sem búa í heimahúsum eftir að hafa fengið heilaslag 1-2 árum áður og m.a. spurt um færni þeirra og aðstæður. Hins vegar tók ég þátt í norrænu þróunarverkefni sem gekk út á að þróa og prófa tæknilausnir til að auka líkamlega virkni einstaklinga eftir heilaslag. Gagnaöflun fór að mestu fram sunnan heiða en þegar heim var komið þurfti ég að setjast niður, greina gögnin og skrifa greinar og lokaritgerð. Ekki var það líklegt til árangurs að vinna að þessu heima því auðvelt var að grípa í heimilisstörfin eða gera eitthvað allt annað en að sinna náminu. Mér fannst ég því hafa dottið í lukkupottinn þegar ég gekk inn í Akademíuna í fyrsta sinn, nýbyrjuð í doktorsnámi við háskóla í höfuðborginni en ég búsett á Akureyri. Það var mjög vel tekið á móti mér í Akademíunni. Blessunarlega var laust borð við einn gluggann, mér finnst gott að horfa út þegar ég er að hugsa. Fjölmörgum klukkustundum varði ég í Akademíunni í þælingar, skrif og spjall, á hvaða tíma sólarhringsins sem mér hentaði. Samtíma mér voru innlendir og erlendir einstaklingar í háskólanámi á öllum stigum og fólk sem vann að kennslu, rannsóknum og eigin ritverkum. Í júní 2021 varði ég doktorsritgerð mína, *Færni og aðstæður einstaklinga eftir heilaslag og ActivABLES fyrir heimaæfingar og daglega hreyfingu*, sem skrifuð var í að stærstum hluta í AkureyrarAkademíunni og vil ég nota tækifærið hér og þakka samferðarfólki mínu þar fyrir stuðning og samveru.

Í nútímasamfélagi þar sem sífellt meiri áhersla er lögð á nám og störf án staðsetningar er mikilvægt að hafa samastað til að sinna hugðarefnum sínum en jafnframt að vera í góðum félagsskap. Það er ómetanlegt fyrir mig (og kannski þig) að fara út úr húsi og á stað eins og AkureyrarAkademíuna til að hugsa, skrifa, hitta fólk og vera hluti af frjóu samfélagi.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang [www.akak.is](http://www.akak.is)

Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir [adalheidur.steingrimsdottir@akak.is](mailto:adalheidur.steingrimsdottir@akak.is)